

Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa barna Verklag

1. Markmið með Stöðluðu mati á umfangi stuðningsþarfa barna

Ráðgjafar- og greiningarstöð annast framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa fyrir fötluð börn á landsvísu. Notað er matskerfið Supports Intensity Scale Children's Version, (SIS-C) sem metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig og magn þess hagnýta stuðnings sem fötluð börn þarfnast til að lifa eðlilegu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið sem nær til barna á aldrinum 5–18 ára metur stuðningsþarfir fatlaðs barns óháð fötlunargreiningu, í samanburði við önnur börn, bæði fötluð og ófötluð.

Matskerfið hefur verið staðlað hér á landi og hefur Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR) einkarétt á notkun þess. Matið er framkvæmt af óháðum, sérfræðingi í SIS-matskerfi með víðtæka reynslu af starfi með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Matið er framkvæmt í nærumhverfi barnsins, t.d. í grunnskólum eða öðru húsnæði á vegum sveitarfélaga.

2. Nýjar umsóknir um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa

Hvert sveitarfélag/þjónustusvæði hefur skipað tengiliði við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem greiðir fyrir matið, og við Ráðgjafar- og greiningarstöð sem framkvæmir matið.

Tengiliðir eru í fyrsta lagi starfsmenn skólaþjónustu og í öðru lagi starfsmenn þjónustu við fatlaða þegar um er að ræða börn sem njóta umtalsverðar þjónustu utan skólatíma.

Tengiliður skólaþjónustu (nema annað sé ákveðið) útskýrir tilgang með fyrirhugaðri umsókn um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fyrir foreldrum/forráðamönnum. Tengiliður sendir inn umsókn til RGR um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa, ásamt upplýsingum um fötlunargreiningu. Umsóknir skulu berast á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Umsókn þarf að fylgja staðfesting um að foreldri/forráðamaður hafi fengið fræðslu um meðferð persónuupplýsinga um barnið.

Umsóknum er skilað rafrænt í vefgátt. Tengiliður sem hefur fengið úthlutað notendaaðgangi, ber ábyrgð á rafrænum gagnasamskiptum. Tilkynna þarf um nýjar umsóknir í vefgátt á netfangið sis@rgr.is. Gengið er úr skugga um að öll gögn sem krafist er að fylgi umsókn hafi borist. Meðal annars er gerð krafa um að fyrir liggji fötlunargreining frá viðurkenndum greiningaraðilum.

Hafi umbeðin gögn ekki borist innan þriggja mánaða frá dagsetningu umsóknar eða ef ekki er hægt að sýna fram á með óyggjandi hætti að um sé að ræða fatlað barn, fellur umsókn niður og umsækjandi upplýstur um það skriflega af hálfu RGR.

Umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 31. desember til að tryggja að mat geti farið fram áður en að skóla líkur að vori. Umsóknir sem berast eftir það verða afgreiddar eins hratt og auðið er en ekki tryggt að matið fari fram fyrir skólalok að vori.

Ef vafi leikur á að sú greining sem barnið hefur fengið falli undir viðmið um Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa, má leita eftir ráðgjöf þar að lútandi með því að senda fyrirspurn (ópersónugreinanlega) á ofangreint netfang eða með því að hafa samband við sviðsstjóra í síma 5108400.

3. Framkvæmd

Þegar fullnægjandi gögn hafa borist RGR þ.e. staðfest fötlunargreining liggur fyrir og undirritað samþykki foreldris er umsókn tekin til afgreiðslu hjá RGR. Hvert barn fær auðkennisnúmer (gefið út af RGR), til auðkenningar á viðkomandi og öllum gögnum sem honum tengjast.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt sér tengiliður um að skipuleggja framkvæmd matsins í samvinnu við RGR. Matið skal framkvæma eins fljótt og unnt er eftir samþykkt umsóknar. Matið fer þannig fram að sérfræðingur í SIS-matskerfi RGR kemur í heimabyggð barnsins og framkvæmir matið þar. Framkvæmd fer eftir meðfylgjandi tímaskipulagi þ.e. árinu er skipt niður í tímabil og gert er ráð fyrir að hvert svæði fái úthlutað tíma á neðangreindum tímabilum sé þess þörf.

Tímabil:

Tímabil 1	Janúar
	Febrúar
	Mars
Tímabil 2	Mars/apríl
	Maí
	September/október
Tímabil 3	Október
	Nóvember
	Desember

Úthlutun tíma fyrir svæði:

Svæði	Mat á stuðningsþörf fer fram
Höfuðborgarsvæði	Jafnt og þétt öll tímabil
Suðurnes	Einu sinni á hverju tímabili
Vesturland	Einu sinni á hverju tímabili
Vestfirðir	Tímabil 2
Norðurland vestra	Tímabil 2
Norðurland eystra	Einu sinni á hverju tímabili
Austurland	Tímabil 2
Suðurland	Einu sinni á hverju tímabili

Sérfræðingur í SIS-matskerfi frá Ráðgjafar- og greiningarstöð hittir foreldra/aðstandendur ásamt faglærðu starfsfólki sem þekkja barnið vel og hafa umgengist það reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum barnsins amk. undanfarna 3 mánuði. Viðtal sérfræðings í SIS-matskerfi við foreldra og fagfólk (saman í viðtali) tekur að jafnaði 2 klst. Auk þess hittir sérfræðingur í SIS-matskerfi barnið sjálft og fylgist með því í skólastarfi eða við aðrar hentugar aðstæður. Veita skal barninu tækifæri til að tjá sig um eigin þarfir fyrir stuðning í samræmi við óskir þess og aldur.

4. Skil á niðurstöðum

Niðurstöðum Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa er skilað til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með ópersónugreinanlegum hætti og m.a. nýttar til ákvörðunar um fjárframlög til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri. Niðurstöðum er einnig skilað með öruggum hætti í Landsgátt Jöfnunarsjóðs til tengiliða sem tilnefndir eru af lögheimilissveitarfélagi/þjónustusvæðis barnsins. Gert er ráð fyrir að niðurstöðum sé skilað innan 3 mánaða þ.e. eigi síðar en þremur mánuðum eftir að mat fór fram. Tengiliðir sveitarfélagsins bera ábyrgð á að kynna niðurstöður fyrir foreldrum og öðrum sem sjá um að veita barninu þjónustu.

Vakin er sérstök athygli á því að niðurstöður má einnig nýta við gerð einstaklingsbundinna áætlana um stuðning fyrir hvert og eitt barn.

Ef niðurstöður Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa eru að mati tengiliðs eða annarra hlutaðeigandi, ekki taldar endurspeglar stuðningsþörf barnsins, skal upplýsa ábyrgðarmenn matsins um það skriflega og færa fyrir því rök við fyrsta tækifæri eða innan mánaðar frá því að niðurstöðum er skilað.

5. Hlutverk tengiliðs

Tengiliður sér um umsóknir, undirbúning og skipulagningu matsins sem m.a. felst í því að hafa samband við foreldra, kynna tilgang með Stöðluðu mati á umfangi stuðningsþarfa og fá skriflega staðfestingu um að foreldri hafi fengið fræðslu varðandi framkvæmd matsins og meðferð persónuupplýsinga í tengslum við matið. Einnig að tímasetja viðtöl í samvinnu við foreldra og Ráðgjafar- og greiningarstöð og að útvega viðtalsherbergi þar sem sérfræðingur í SIS-matskerfi getur framkvæmt viðtal í næði. Sérfræðingur í SIS-matskerfi kemur í heimabyggð barnsins og framkvæmir matið.

Tengiliður ber ábyrgð á að skila niðurstöðum til hlutaðeigandi aðila.

6. Umsókn um endurmat á Stöðluðu mati á umfangi stuðningsþarfa

Hægt er að sækja um endurmat á stuðningsþörf ef fyrir liggur rökstuðningur um umtalsverðar breytingar á stuðningsþörf barnsins. Umsókn sem fyllt er út af tengilið skal skilað í vefgátt og tilkynnt með tölvupósti á netfangið sis@rgr.is Umsókn er yfirfarin af SIS-sérfræðiteymi RGR og tekin ákvörðun um hvort beiðni sé samþykkt eða hafnað. Sé umsókn hafnað skal þeirri niðurstöðu skilað skriflega til tengiliðs.

SIS-sérfræðiteymi fundar mánaðarlega til að fara yfir umsóknir og niðurstöður endurmats.

Mælt er með að þjónustuveitendur fylgist vel með breytingum sem kunna að verða á stuðningsþörfum.

7. Eftirlit með gæðum

Eftirlit með gæðum er innbyggt í skipulagi og framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa og byggir á Interviewer Reliability and Qualification Review (IRQR) gæðamatskerfi AAIDD samtakanna (*American Association on Intellectual and Developmental Disabilities*).